

Stjórnarfundur hjá Fjár og Hjarðhundadeild HRFÍ Selfossi, 16. janúar 2025

Mætt eru Guðrún Th, Elín Huld, Hrafnhildur, Þórunn Og Helga Anna.

Farið var yfir deildarsýningar deildarinnar fyrir árið 2025. Búið var að fá samþykki fyrir deildarsýningu sömu helgi og á sama stað og einföld júnísýning HRFÍ. Félagið ákvað svo að halda tvöfalda sýningu í júní og því verður að finna nýjan tíma og nýjan stað fyrir deildarsýninguna.

Búið að að finna nýjan dómara og dag, en beðið er eftir staðfestingu frá HRFÍ. Einnig er búið að finna dómara fyrir sýningu í haust og einnig er beðið eftir staðfestingu frá HRFÍ með þá deildarsýningu. En þær verða auglýstar um leið og hægt er. Rætt var um að vera með þá keppni á síðasta ársfundi og ætlum við að láta á það reyna að næstu deildarsýningu. Mikið var rætt um staðsetningar deildarsýninga. Mjög erfitt er að finna húsnæði sem hentar fyrir deild sem er með hunda af öllum stærðum. Reiðhallir oft mikið umsetnar og eða mikið dýrar. Húsnæðismál fyrir deildarsýningar eru mikill höfuðverkur þar sem ekki hefur heldur verið mikil stemming fyrir sumarsýningu (sem gæti þá verið úti) Þegar boðið var upp á sumarsýningu var dræm skráning.

Ákveðið var að halda ársfund deildarinnar 11 febrúar. Hafa þarf samband við alla tengiliði til að fá upplýsingar um stigahæðstu hunda hveggtegundar. Kjósa á um 2 sæti í stjórn. Ekki ljóst þegar þetta er ritað hvort annar aðilinn sem er í lausu sæti mun gefa kost á sér áfram. Rætt var um að krydda ársfund og heiðranir með happdrætti/eða Bingo. Mikil vinna er í kringum söfnun vinninga og þ.h. en ef tengiliðir með stjórn, eru tilbúnir til að taka höndum saman og virkja sitt fólk einnig gæti þetta orðið skemmtilegt því margar hendur vinna létt verk.

Einnig var rætt um heimasíðu deildarinnar, að hún þurfi yfirlestur og þarf að gera það eftir ársfund. Starfsemi deildarinnar var einnig rædd, sem og áhugaleysi deildarmeðlima fyrir viðburðum sem reynt hefur verið að bjóða upp á, en ekki hefur tekist að halda neina viðburði eða upptöku að undanskildum deildarsýningum. Vill stjórn heyra í tengiliðum með hvað fólk gæti mögulega haft áhuga á að mæta á og taka þátt í? Það mætti gjarnan vera viðburður sem aðrar deildir gætu tekið þátt í.

Annað var ekki rætt. Fundi slitið.